

Samþykkt í vísindanefnd Vísinda- og tækniráðs í apríl 2013 til birtingar í heild sinni með úthlutunarreglum sjóðsins.

Með breytingum á lögum nr. 3/2003 um opinberan stuðning við vísindarannsóknir voru Rannsóknasjóður og Rannsóknarnámssjóður sameinaðir undir heitinu Rannsóknasjóður. Í 2. gr. laganna segir: „Hlutverk Rannsóknasjóðs er að styrkja vísindarannsóknir og rannsóknartengt framhaldsnám á Íslandi. Í þeim tilgangi styrkir sjóðurinn nemendur í rannsóknartengdu framhaldsnámi og skilgreind rannsóknarverkefni einstaklinga, rannsóknarhópa, háskóla, rannsóknastofnana og fyrirtækja. Rannsóknasjóður veitir styrki samkvæmt almennum áherslum Vísinda- og tækniráðs og á grundvelli faglegs mats á gæðum rannsóknarverkefna, færni þeirra einstaklinga sem stunda rannsóknirnar og aðstöðu þeirra til að sinna verkefninu. Ákvörðun um styrkveitingu skal bundin hinu faglega mati.“

Hlutverk vísindanefndar varðandi úthlutunarstefnu Rannsóknasjóðs kemur fram í 6. gr. laga nr. 3/2003 með áorðnum breytingum um opinberan stuðning við vísindarannsóknir. Þar segir: „Vísindanefnd Vísinda- og tækniráðs markar úthlutunarstefnu Rannsóknasjóðs og Innviðasjóðs samkvæmt áherslum Vísinda- og tækniráðs. Stjórn sjóðanna gefur út reglur um umsóknir, málsmeðferð þeirra og úthlutun eigi síðar en sex vikum fyrir lok umsóknarfrests viðkomandi sjóðs og skulu þær kynntar ráðherra. Í reglunum skulu koma fram skilyrði umsókna og áherslur Vísinda- og tækniráðs.“

Vísinda- og tækniráð varð til með lögum nr. 3/2003 um opinberan stuðning við vísindarannsóknir. Ráðið er skipað til þriggja ára í senn og markar stefnu stjórnvalda fyrir skipunartímabilið. Ráðið sem nú starfar var skipað síðla árs 2012 og vinnur það nú að því að því að marka stefnu ráðsins og búast má við að hún liggi fyrir upp úr miðju ári 2013. Vísindanefnd vill þó árétta þá áherslu fyrra ráðs að opinber framlög til vísinda og nýsköpunar taki mið af gæðum og árangri og að gagnsæi og faglegt mat gildi við úthlutanir úr samkeppnissjóðum.

Rannsóknasjóður veitir styrki samkvæmt ákvæðum laga nr. 3/2003 með áorðnum breytingum og stefnu Vísinda- og tækniráðs. Vísindanefnd leggur áherslu á að við mat á umsóknum vegi eftirfarandi atriði þungt:

- Rannsóknarverkefni skuli styrkt eftir *gæðum* sem metin eru eftir vísindalegu gildi, færni og aðstöðu umsækjenda og líkum á að verkefnið skili mælanlegum árangri og ávinningi.
- Verkefni sem uppfylla gæðaviðmið og unnin eru í virku *samstarfi* fyrirtækja, háskóla og stofnana, njóti, að öðru jöfnu, forgangs að styrkjum úr samkeppnissjóðum.
- Sérstaklega verði hugað að
 - *Nýliðun* í hópi vísindamanna og að sjóðurinn leggi sérstaka áherslu á stuðning við ungt vísindafólk.
 - *Kynjahlutfalli* í hópi vísindamanna og að sjóðurinn leggi sérstaka áherslu á að jafna stöðu kynjanna.
- Sjóðnum er heimilt að taki tillit til *aðstæðna* umsækjenda, hvort sem þeir starfa sjálfstætt eða innan háskóla, stofnana eða fyrirtækja. Hér er meðal annars vísað til þess að aðgangur umsækjenda að nemendum í rannsóknartengdu námi getur verið mismunandi.

Niðurstöður rannsókna sem kostaðar eru með styrkjum úr Rannsóknasjóði skulu birtar í opnum aðgangi og vera öllum tiltækar nema um annað sé samið.